

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 482 19. desember 1984 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 258/1985, orðist svo:

Um einkasölugjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr/l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	230
2. Portvín, sherry, madeira og líkjörar, undir 22% styrkleika	430
3. Vermút og aperítívar, þ.m.t. bitterar, undir 22% styrkleika	460
4. Aperítívar, þ.m.t. bitterar, með 22% styrkleika eða meira	660
5. Íslenskar áfengistegundir	710
6. Koníak, brandy, whisky, gin, genever, romm, líkjörar (ót.a), svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a	1000
B. Tóbak:	
1. Reyktóbak	900 kr/tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	610 kr/200 stk.
3. Smávindlar	65 kr/10 stk.
Meðalstærð	290 kr/25 stk.
Vindlar, aðrir	350 kr/25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega. Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- eða gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en þreföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollaftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1985.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.